

Minnispunktur - Fundur almannavarnanefndar Vesturlands

Fundartími: 29. október 2021 kl. 9:30.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams.

Formaður almannavarnanefndar á Vesturlandi boðaði til fundarins til þess fara yfir stöðuna með umdæmissóttvarnalækni og svæðissóttvarnalækni vegna Covid-19.

Mætt voru:

Af hálfu lögreglustjórans á Vesturlandi:	Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari Ámundur Kr. Ásmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn Jón S. Ólason, yfirlögregluþjónn
Af hálfu Hvalfjarðarsveitar:	Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri
Af hálfu Akraneskaupstaðar:	
Af hálfu Skorradalshrepps:	Árni Hjörleifsson oddviti
Af hálfu Borgarbyggðar:	Pórdís Sigurðardóttir, sveitarstjóri
Af hálfu Eyja- og Miklaholtshrepps:	
Af hálfu Snæfellsbæjar:	Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Af hálfu Grundarfjarðarbæjar:	Björg Ágústsdóttir bærarstjóri
Af hálfu Helgafellssveitar:	Guðrún Karólína Reynisdóttir, oddviti
Af hálfu Stykkishólmsbæjar:	Jakob Björgvin Jakobsson bærarstjóri
Af hálfu Dalabyggðar:	Kristján Sturluson sveitarstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar:	
Af hálfu Slökkviliðs Borgarbyggðar:	Bjarni Kr. Þorsteinsson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Dalabyggðar:	Ívar Örn Þórðarson, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar:	
Af hálfu Slökkviliðs Snæfellsbæjar:	
Af hálfu Brunavarna Stykkishólms og nágrennis	Einar Þór Strand slökkviliðsstjóri
Af hálfu HVE	Þórir Bergmundsson umdæmissóttvarnalæknir Þórður Ingólfsson svæðissóttvarnalæknir

Kristján Sturluson setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Til fundarins var boðað til að fara yfir eftirfarandi atriði:

1. Staða Covid-19 á Vesturlandi

Þórir Bergmundsson, umdæmissóttvarnalæknir á Vesturlandi, fór yfir stöðuna á Vesturlandi í dag. Þórir segir smitum fjölga ört og einfaldlega hægt að segja nýja bylgju vera hafna og Ísland komið aftur á rauðan lista. Alls á Vesturlandi eru 49 skráðir í einangrun, þar af 30 í Döllum. 93 einstaklingar eru skráðir í sóttkví á Vesturlandi. Þórir greinir frá því að þau hafi nokkrar áhyggjur af stöðunni eins og hún er í dag enda hefur veiran vera í veldisvexti.

Þórður fór yfir stöðuna í Dalabyggð. Alls hafa 29 greinst jákvæðir í hópsmiti í Döllum. Sá sem greindist fyrst, lauk sinni einangrun í gær. Nokkur tilfelli voru greind á hverjum degi í upphafi. Í gær voru tekin 86 sýni en aðeins 3 reyndust vera jákvæð. Þórður er því mjög vongóður um að búið sé að ná utan um þetta hópsmit.

Kristján nefnir að Dalabyggð hafi fengið tölur frá lögreglu og hann hafi fengið leyfi almannavarnadeildar RLS til þess að birta tölurnar.

Ásmundur greinir frá því að lögregla hafi fengið þau tilmæli að birta ekki tölur á sinni Facebook síðu en lögregla muni senda sveitarstjórum tölur á þeirra svæði ef óskað er eftir því.

Jakob nefnir að sveitarfélög eins og lögreglan megi ekki við því að missa fólk út í einangrun eða sóttkví. Spyr um stöðuna, er fólk að veikjast meira í dag heldur en áður. Þá einnig hvert er verið að stefna. Þórir segir mun minna um alvarleg veikindi. Lítið um veikindi hjá börnum og enginn fullbólusettur unglingur hefur smitast. Þórir telur mikilvægt að huga að bólusetningu barna. Vaxandi veikindi eru hins vegar á Landspítala hjá fólki með undirliggjandi sjúkdóma. Bólusetning barna er til skoðunar.

Þórdís greindi frá því að smit hafi komið upp hjá Öldunni í Borgarbyggð. Fjölmargir sem fóru í sóttkví vegna þessa. Komu sér upp bakvarðasveit og hefur það komið sér vel núna. Telja sig vera búin að ná utan um smitin og starfsemin gengur ágætlega.

Kristinn greindi frá því að hann hafi átt í erfiðleikum með að komast í sýnatöku. Nefnir að rétt sé að upplýsa almenning betur um hvenær það eigi að fara í sýnatöku. Kristinn vill að lögregla fari að birta tölur aftur á sinni síðu. Það myndi róa fólk niður og bæta andlegt ástand. Jón Sigurður upplýsir á fundinum að lögreglustjóri hafi gefið grænt ljós á birtingu talna á meðan smitum er að fjölga á svæðinu. Lögregla mun því tímabundið birta tölur eins og áður á sinni Facebook síðu.

Björg tekur undir að upplýsingagjöf þurfi að vera betri. Þá nefnir Björg að rétt sé að skoða breyttar reglur hvað varðar sóttkví, hvort það þurfi að endurskoða verklags hjá sveitarfélögunum. Björg nefnir einnig að gott væri að Hve myndi upplýsa á sinni síðu betur hvernær fólk á að fara í sýnatöku. Þórdur telur þetta alveg skýrt. Fólk kemur til sýnatöku ef það er með einkenni. Ef fólk í sóttkví er ekki með einkenni, bíður það eftir boði í sýnatöku í lok sóttkvíar. Þórir tekur undir þetta og vísar einnig til upplýsinga á Covid.is.

Þórir greinir frá því að staðan hafi aðeins breyst með tilkomu smitgátar, að færri fara núna en áður í sóttkví.

Fundi slitið kl. 10:02.

Minnispunkta/fundargerð ritaði Emil Sigurðsson, aðstoðarsaksóknari.